

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

27. nóvember 2014

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Á undanförunum vikum hefur borið mikið á veikindum í starfsliðinu en vonum við að það sé yfir staðið. Að öðru leyti hefur kennsla verið með hefðbundnum hætti undanfarið.

Sundkennsla

Í vikunni sem er að klárast hefur verið sundkennsla og verður hún einnig næstu tvær vikur samkvæmt stundaskrá. Það hallar nokkuð á fjölda sundtíma vegna forfalla íþróttakennara og upplagt að bæta það upp núna á meðan tíðin er góð. Svo verður aftur hlé á sundkennslu frá og með síðustu viku fyrir jólafrí. Sundkennsla hefst aftur í vor í vikunni eftir árshátíð.

Leiksýning

Föstudaginn 28. nóvember kl. 8:50 verður leiksýning í boði kirkjunnar um æsku Hallgríms Péturssonar. Sýningin er fyrir 4. – 10. bekk og verður hún í Höfðaborg. Foreldrar/forráðamenn þessara nemenda eru velkomin á sýninguna. Hallgrímsspema er í tilefni af 400 ára ártíð Hallgríms Péturssonar en hann fæddist 1614, að talið er í Gröf á Höfðaströnd, og gekk svo í Hólaskóla.

Skreyting á skólanum

Mánudaginn 1. desember eftir hádegi verður skólinn skreyttur.

Bókalestur

Steinunn Jóhannesdóttir kemur 3. desember og les úr nýútkominni barnabók sinni um Hallgrím Pétursson en það er fyrir yngri nemendum skólans.

Fjáröflun nemendafélags skólans

Nú eru krakkarnir í nemendafélaginu að fara af stað í fjáröflun og að þessu sinni ætla þau að selja kerti frá Heimaey kertaverksmiðju sem er verndaður vinnustaður. Helsta verkefni verksmiðjunnar er framleiðsla á dýfðum kertum, en einnig eru framleidd sérúnnin kerti, steipt kerti og útikerti.

Krakkarnir ætla að selja kerti núna fyrir aðventuna 4 stk. í pakka á 1000 kr. Hægt er að velja um hvít eða rauð kerti og eru þau 27 cm á lengd. Endilega hafið okkur í huga og látið vita ef þið hafið áhuga á að kaupa af okkur og svo koma krakkarnir og selja í sínu nærumhverfi.

Einnig ætlum við að selja snakk, 3 poka saman frá Stjörnusnakki, eða bara í stykkjatali.

Svo takið vel á móti krökkunum sem koma og selja og eða þið getið haft samband við skólann, eða á emma@gsh.is ef þið viljið kaupa.

Bestu kveðjur,
Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi